



## Fundargerð

Fundur umdæmisstjórnar haldinn 6.febr. kl.17:00 á heimili umdæmisstjóra á Selfossi.

Mættar voru: Sigríður umdæmisstjóri, Ragnhildur gjaldkeri, Jóhanna ritari og María viðtakandi umdæmisstjóri. Ekki náðist í Ágústu fyrrverandi umdæmisstjóra.

Efni fundarins var undirbúningur og framkvæmd Umdæmisþings Innerwheel, sem haldið verður á Selfossi laugardaginn 25.maí nk.

- Umdæmisstjóri hefur unnið að dagskrá þingsins, sem að hluta er hefðbundin, og fór stjórn yfir hana lið fyrir lið og ræddi framkvæmd fundarins.
- Rætt um tillögur sem stjórn þarf að útbúa fyrir þingið, m.a.um árgjald til umdæmisins
- Sú hefð hefur skapast að þátttakendur á Umdæmisþingi IW hafi fengið litlar gjafir og var rætt um hvort hætta ætti að gefa slíkar gjafir eða halda áfram með hefðina. Stefnt að því að skoða hvort kaupa mætti sérstakar merktar Innerwheel gjafir á IIW þinginu í Manchester í vor, sérstaklega þar sem um er að ræða 100 ára afmæli hreyfingarinnar. Miðað skal við að kostnaður við slíkar gjafir yrði ekki meiri en 5 ensk pund stykkið.
- Gera þarf fjárhagsáætlun fyrir þingið og ákveða kostnað á þinggjaldi þátttakenda
- Gjaldkeri kannar kostnað við kaup á rauðum rósum fyrir þingið
- Rtari kannar kostnað við möppur fyrir fundargögn þingfulltrúa
- Ritari þarf að senda þarf forsetum klúbbanna póst og minna á eftirfarandi:
  - a) senda upplýsingar um látna félaga á starfsárinu, fyrir **lok mars.**
  - b) senda ágrip af starfi klúbbanna á liðnu starfsári fyrir **lok mars.**
  - c) senda upplýsingar um stjórnir klúbbanna fyrir næsta starfsár fyrir **lok febrúar**
- Upplýsingar um nöfn viðtakandi umdæmisstjórnar fyrir starfsárið **2025-2026** þarf að liggja fyrir í **lok febrúar**. Samkvæmt röð um hvaða klúbbar fara með umdæmið, ætti það að vera IW Görðum sem tekur við umdæminu af IW Reykjavík. María hefur samband við IW Görðum vegna málsins.
- Rætt um vanda klúbba við að viðhalda klúbbstarfi og manna stjórnir. Stefnt að því að taka þetta mál upp við alþjóðatengilið Íslands á þinginu í Manchester í vor.

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.19:15

Jóhanna Róbertsdóttir